



## 5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2020 - 2021 haldinn þriðjudaginn 27. apríl 2021 kl.11:45.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Logason varaformaður, Kristín Soffía Þorsteinsdóttir, Sara Dögg Svanhildardóttir og Sigurjón Jónsson. Anna Sigríður Brynjarsdóttir fulltrúi kennara, Anna Sóley Stefánsdóttir fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

### Dagskrá:

- **Fjármál skólans**  
Fjárhagsstaðan er góð í FG. Launin eru stærsti hlutinn, launahækkun frá áramótum mun hafa einhver áhrif en eigum nóg til að takast á við það. Mikið verið fjárfest í ýmsum búnaði síðustu ár. Vinnuaðstaða orðin góð í skólanum og bókasafnið er mjög gott.
- **Skipurit skólans**  
Skipurit skólans er á heimasíðunni, stjórnendateymið vinnur vel saman. Verkefnastjóri heldur utan um kennslustjórana ásamt því að sjá um ýmis tilfallandi verkefni. Hinsegin fulltrúi sér um málefni hinsegin nemenda, í anda hinsegin stefnu skólans. Fögnum fjölbreytileikanum.
- **Starfsmannamál**  
Eðlilegar breytingar, námsleyfi og/ eða veikindaleyfi, afleysingar í sambandi við það.
- **Innritun haust 2021**  
Lítur mjög vel út með innritun fyrir haustið. Kynjahlutfall í skólanum frekar jafnt í dag. Alltaf erfitt þegar nemendur komast ekki inn í skólann í sínu sveitarfélagi. Mismunandi vægi einkunna úr grunnskóla eftir því hvaða braut nemendur sækja um.
- **Önnur mál**  
Salsavika í skólanum þessa viku þó svo að ekki verði salsaball. Hluti af henni er útvarp NFFG. Þökkum fráfarandi stjórn NFFG fyrir vel unnin störf.

Fundi slitið kl. 12:45

Fundarritari: Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari